



VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES

SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901

KENNITALA 680269-6889 – www.vifa.is

Hörður Jóhannesson
-forstöðumaður íþróttamannvirkja Akraneskaupstaðar
Jaðarsbökkum
300 Akranes

Akranesi 2. október 2009


Efni: Starfsmenn íþróttamannvirkja

Til Verkalýðsfélags Akraness hafa leitað starfsmenn sem starfa í íþróttamannvirkjum Vesturgötu og Bjarnalaug vegna þeirra hugmynda bæjaryfirvalda að heimila íþróttaiðkun í mannvirkjunum án þess að starfsmenn séu að störfum.

Það er mat Verkalýðsfélags Akraness að þessi hugmynd sé með öllu óheimil enda gildir kjarasamningur um þau störf sem um ræðir og þar af leiðandi algjörlega óheimilt að ætla sér að láta aðra ganga í þau störf sem viðkomandi starfsmenn eru með kjarasamning um.

Þessu til viðbótar telur félagið það ámælisvert öryggisins vegna að ætla sér að heimila íþróttaiðkun í íþróttamannvirkjunum án þess að starfsmenn séu á vakt. Félagið mun grípa til róttækra aðgerða ef ekki verður fundin farsæl lausn á þessu máli.

Virðingarfyllst,


Vilhjálmur Birgisson